

Alþingi  
Erindi nr. P 121/1645  
komudagur 21/4 197



## BARNAVERNDARARRÁÐ

Laugavegur 36 • 101 Reykjavík • S: 5511795 & 5621588 • Fax 5624486

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

18. apríl 1997

Með bréfi Sólveigar Pétursdóttur, formanns allsherjarnefndar Alþingis, til Barnaverndarráðs, dagsettu 3. apríl, var óskað umsagnar ráðsins um frumvarp til laga um lögræðislög. Barnaverndarráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 17. apríl sl. sbr. meðfylgjandi fundargerð.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaverndarráðs

  
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir

Ár 1997, fimmtudaginn 17. apríl, var haldinn 15. fundur ársins hjá Barnaverndarráði. Fundurinn var haldinn á skrifstofu ráðsins og hófst hann kl.18:00.

Fundinn sátu Sigríður Ingvarsdóttir, Guðfinna Eydal og Jón Kristinsson. Þá sat fundinn Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, framkvæmdastjóri, sem færði fundargerð.

7)

Erindi allsherjarnefndar Alþingis (10/97)

frv. til lögræðisлага.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að til álita hafi komið að hækka sjálfræðisaldurinn, en ekki er þó gert ráð fyrir því í frumvarpinu sjálfu. Barnaverndarráði þykir þó rétt að fram komi að það telji rökin fyrir því að hækka sjálfræðisaldurinn vega þyngra en fram komin rök fyrir því að hafa hann óbreyttan. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið á bls. 29 - 30 hafa þjóðfélagsaðstæður breyst mjög á síðustu áratugum. Þorri íslenskra ungmenna búi í foreldrahúsum fram undir tvítugt og njóti stuðnings foreldra sinna. Fyrir þennan stóra hóp hafi sjálfræðið fyrst og fremst táknrænt gildi. Þá sé á það bent að með breyttum tímum, minnkandi atvinnumöguleikum ungmenna og lengri skólagöngu hafi aðstæður þeirra breyst og fæst séu fær um að framfæra sig á eigin spýtur eða reka heimili. Atvinnu, húsnæði og tekjur skorti og þörfin fyrir að ungmenni undirbúi framtíð sína með starfsmenntun eða annarri menntun hafi aukist. Oft hafi ungmenni ekki skilning á þessari nauðsyn og reki sig síðan illilega á það á vinnumarkaðinum.

.....